

# Aðalfundur 2021

~ 11. maí ~



**Fundargerð**

Aðalfundur settur kl.19:15 á Arnarvelli við Seltjörn.

**Mættir:**

*Magnús Kristinsson, Sverrir Gunnlaugsson, Ágúst H. Borgþórsson, Gunnar H. Valdimarsson, Albert Guidice, Stefán Sæmundsson, Guðjón Hauksson og Haukur Ólafsson.*

Sverrir gjaldkeri setti fundinn og því næst var Stefán Sæmundsson kosinn fundarstjóri.

Formaður flutti skýrslu stjórnar og gjaldkeri kynnti reikninga félagsins sem voru samþykktir án athugasemda. Stjórn lagði til óbreytt félagsgjöld og var það samþykkt.

Á þessum fundi átti að kjósa um gjaldkera, vallarstjóra og meðstjórnanda. Sverrir Gunnlaugsson bauð sig fram til áframhaldandi setu sem gjaldkeri, Ágúst H. Borgþórsson bauð sig fram sem vallarstjóra og Gunnar H. Valdimarsson bauð sig fram sem meðstjórnanda. Engin mótframboð bárust og hlutu þeir samhljóma kosningu fundargesta.

Engar tillögur eða lagabreytingar á dagskrá.

Rætt um nýliðunarmál og öflun tilboða í framkvæmdir bílamegin

Aðalfundi slitið kl. 19:45.

**Sverrir Gunnlaugsson**